

## Frá yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis

### Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 25. júní 2016

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis kemur saman til fundar í dómsal Héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4, 2. hæð, Selfossi, föstudaginn 13. maí nk., milli kl. 10.00 og 12.00 til þess að taka við meðmælendalistum forsetaframbjóðenda og undirbúa útgáfu vottorða samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum með nöfnum meðmælanda úr Suðurkjördæmi til yfirkjörstjórnar á ofangreindum stað og tíma. Vottorð yfirkjörstjórnar verða gefin fimmtudaginn 19. maí nk.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr Suðurkjördæmi.

Til að flýta fyrir meðferð og vinnslu, er mælt til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á [www.Island.is](http://www.Island.is) áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

*2. maí 2016*

*Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis,*

**Karl Gauti Hjaltason**

**Ólafía Ingólfssdóttir**

**Unnar Þór Böðvarsson**

**Óskar Þórmundsson**

**Björn Þór Jóhannesson**